

REGLUGERÐ

um möskvastærð botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

1. gr.

Á hafsvæðinu norðan línu, sem hugsast dregin frá strönd Noregs eftir 66° n.br., að 10° v.lgd, þaðan suður að 62° n.br., þaðan vestur að 28° v.lgd., þaðan suður að 59° n.br. og þaðan vestur að 42° v.lgd., skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr bómull, mjúktrefjahampi eða gervi-efnum (polyamide, polyester), skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr öðrum efnum, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 120 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Á öðrum hafsvæðum en um getur í 1. gr. og alþjóðasamningurinn frá 5 apríl 1946 um möskvastærð fiskinetja tekur til, skal lágmarksstærð möskva vera sem hér segir:

- a. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr tvöföldu garni og innihalda hvorki manila né sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 75 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.
- b. Í botnvörpunetjum, sem búin eru til úr manila eða sisal, skal lágmarksstærð möskva vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

3. gr.

1. Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar.
2. Þó skal eigi teljast ólögmaett:
 - a. Að festa segldúk, net eða annað efni undir poka botnvörpunets í því skyni að forða eða draga úr sliti.
 - b. Til 1. janúar 1966 að festa ferhyrndan netbút á efri hluta botnvörpupoka í því skyni að draga úr eða hindra skemmdir, að því tilskildu, að netbúturinn hafi ekki minna möskva en áskilið er um botnvörpuna sjálfa og að netbúturinn sé festur aðeins að framan og á hliðum, og sé þannig festur, að hann nái ekki lengra fram en fjóra möskva fram fyrir poka-gjörðina og ekki lengra aftur en fjórum möskvum fyrir framan endamöskvann. Sé gjörð ekki notuð, má netbúturinn ekki ná yfir meira en einn þriðja botnvörpupokans, mælt frá fjórum möskvum fyrir framan pokalínumöskvann.
 - c. Tala möskva í breidd netbútsins skal vera a. m. k. einum og hálfum sinnum tala möskva í þeim hluta pokans, sem þakinn er, og skal breiddin talin þvert á langlínu pokans.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (*Trachinus draco*), rækju, leturhumar eða lindýr, hafa

innanborðs og nota net með smærri möskvum, en þar greinir, með þeim skilyrðum, a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í 5. gr. reglugerðar þessarar, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

5. gr.

Bannað er að hirða nokkurn fisk, sem er smærri en greint er hér á eftir. Lágmarksstærðin er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda:

Dorskur (<i>Gadus callarias</i>)	34 cm
Ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>)	31 —
Ufsi (<i>Gadus virens</i>)	35 —
Lýsingur (<i>Merluccius merluccius</i>)	30 —
Skarkoli (<i>Pleuronectes platessa</i>)	25 —
Langlúra (<i>Glyptocephalus cynoglossus</i>)	28 —
Þykkvalúra (<i>Microstomus kitt</i>)	25 —
Tunga (<i>Solea solea</i>)	24 —
Sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)	30 —
Slétthverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>)	30 —
Stórkjafth (<i>Lepidorhombus whiff</i>)	25 —
Lýsa (<i>Gadus merlangus</i>)	23 —
Sandkoli (<i>Pleuronectes limanda</i>)	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu visindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 14 30. marz 1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norð-austurhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 166 13. september 1963, um möskva-stærð botnvörpunetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 30. marz 1965.

Emil Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.